

27. nóvember 2024



Verkefnaáætlun 2024-2026

Landsáætlun um
uppbyggingu innviða til
verndar náttúru og
menningarsögulegum
minjum

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Útgefandi:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Nóvember 2024

urn@urn.is

www.urn.is

©2024 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

ISBN 978-9935-9756-5-2

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Verkefnisstjórn.....	6
3. Samþykkt stefnumótun	7
4. Áætlun um fjármögnun	8
5. Tillaga að ráðstöfun.....	9
6. Sérstakt viðbragð við auknu álagi	10
6.1 Staðir til sérstakrar skoðunar.....	10
6.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði.....	10
7. Ný verkefnaáætlun 2024-2026.....	12
7.1 Ferill endurskoðunar.....	12
7.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi.....	12
8. Tillögur að aðgerðum árin 2024-2026.....	13
8.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir.....	13

Töfluskrá

Tafla 1: Fjárheimild landsáætlunar 2024-2026.....	8
Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2024-2026. Inni í liðnum <i>Staðir á landsáætlun – Efnislegir innviðir</i> er einnig sérstakt fjármagn til uppbyggingar fjölsótttra staða á grunni staðbundinna áætlana og frumathugana.....	9
Tafla 3: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2023.....	10
Tafla 4: Bráðaaðgerðir á friðlýstum svæðum – úthlutun það sem af er ári 2024.....	11
Tafla 5: Vesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026	14
Tafla 6: Vestfirðir – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026.....	15
Tafla 7: Norðvesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026	15
Tafla 8: Norðausturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026.....	16
Tafla 9: Austurland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026.....	16
Tafla 10: Suðurland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026.....	17
Tafla 11: Suðvesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026.....	18
Tafla 12: Landið allt – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026.....	18

Myndaskrá

Mynd 1: Gönguleið á neðra svæði Gullfoss, frá stiga að fossi, síðla vors 2023. Mynd: Umhverfisstofnun.....	5
Mynd 2: Náttúrutröppur í Landmannalaugum. Mynd: Umhverfisstofnun.....	7
Mynd 3: Tröppur sem liggja frá bílastæði við Hjálparfoss. Mynd: URN.....	8
Mynd 4: Bráðaaðgerðir við gönguleið að Dynjanda. Mynd: Umhverfisstofnun.....	11

1. Inngangur

Hér er lögð fram framkvæmdaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna árána 2025-2026. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun leysir af hólmi fyrri áætlun fyrir 2023-2025 sem gefin var út í maí 2023.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á gildistíma hennar.

Með þessari áætlun er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku.

Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að mæta hluta þeirra verkefnatillagna á stöðum, leiðum og svæðum sem verkefnisstjórn fjallaði um og talin var þörf á að byggja upp, lagfæra eða verja fyrir ágangi.

Verkefni áætlunarinnar lúta sum hver að lokafrágangi innviða. Þau munu þó ekki ljúka uppbyggingu staða eða leiða, heldur ná einungis til frágangs afmarkaðra innviða innan þeirra.



Mynd 1: Gönguleið á neðra svæði Gullfoss, frá stiga að fossi, síðla vors 2023. Mynd: Umhverfistofnun.

2. Verkefnisstjórn

Í lögum nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er kveðið á um að skipuð sé verkefnisstjórn til þriggja ára í senn. Verkefnisstjórn hefur umsjón með gerð tillögu að þriggja ára verkefnaáætlun og tólf ára stefnumarkandi landsáætlunar og er hlutverk hennar að annast upplýsingaöflun, forgangsröðun og gerð tillagna vegna þeirra.

Ráðherra umhverfismála skipar verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar að fengnum tilnefningum.

Sú verkefnisstjórn, sem vann tillögu til ráðherra vorið 2024, var skipuð eftirfarandi aðilum:

Hafsteinn S. Hafsteinsson, formaður, skipaður af ráðherra umhverfismála og menningarminja án tilnefningar.

Jón Bjarnason, skipaður af ráðherra umhverfismála og menningarminja án tilnefningar.

Guðný Hrafnkelsdóttir (varamaður fyrir Maríu Reynisdóttur), tilnefnd af ráðherra ferðamála og menningarmála.

Regína Sigurðardóttir, tilnefnd af forsætisráðherra.

Ásborg Ósk Arnþórsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Bjargey Guðmundsdóttir, sérfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, vann með verkefnisstjórn að gerð tillögu að nýjum innviðaverkefnum sem lögð var fyrir ráðherra vorið 2024.

Breytingar urðu á skipan verkefnisstjórnar sumarið 2024.

Við sæti Hafsteins tók Dagný Arnarsdóttir.

Við sæti Ásborgar tók Nanný Arna Guðmundsdóttir.

María Reynisdóttir tók aftur sæti í verkefnisstjórn.

Breytt verkefnisstjórn fjallaði um tillögur að bráðaaðgerðum 2024, sem þá lágu fyrir frá umsjónaraðilum.

Dagný Arnarsdóttir vann skýrslu verkefnaáætlunar fyrir 2024-2026.

3. Samþykkt stefnumótun

Þessi framkvæmdaáætlun styður við stefnu stjórnvalda á sviði uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í náttúru landsins, en hinn 11. júní 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 á grundvelli laga nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018–2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við áætlunina og markmið hennar.



Mynd 2: Náttúrutröppur í Landmannalaugum. Mynd: Umhverfisstofnun.

4. Áætlun um fjármögnun

Í fjárlögum árána 2024 og 2025 og fjármálaáætlun vegna ársins 2026 er áætlað fjármagn til landsáætlunar ríflega 2.689 m.kr. (Tafla 1). Í verkefnaáætlun landsáætlunar fyrir sama tímabil er lagt upp með að sömu heildarfjárhæð verði ráðstafað til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 og fyrirbyggjandi stefnumótun.

Hefðbundinn fyrirvari er settur um áætlaðar fjárheimildir 2025 og 2026. Einnig settur fyrirvari við að endanlega skiptingu heildarfjárhæðarinnar kunni hluti hennar að verða markaður annar farvegur innan málefnaasviðsins sjálfs.

Tafla 1: Fjárheimild landsáætlunar 2024-2026

	2024	2025	2026	Samtals
Fjárheimild landsáætlunar 2024-2026	899.200.000	899.100.000	891.100.000	2.689.400.000



Mynd 3: Tröppur sem liggja frá bílastæði við Hjalparfoss. Mynd: URN.

5. Tillaga að ráðstöfun

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna 2024-2026.

Langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannstöðum, þ.e. staðbundinna verkefna sem geta falist í undirbúningi, framkvæmd eða viðhaldi. Er gert ráð fyrir rúmlega 2325 m.kr. til slíkra verkefna. Inni í þessum tölum er framlag er á árunum 2024-2026 til staða þar sem umfangsmikil uppbygging stendur fyrir dyrum en fyrirkomulag innviðauppbyggingar ekki fyllilega útfært á þessu stigi máls. Má þar nefna staði eins og Jökulsárlón, Landmannalaugar, Djúpalónssand, Skaftafell, Stöng og Þingvelli. Í slíkum tilvikum fer verkefnisstjórn yfir nánari tillögur þegar þær liggja fyrir, áður en gerður er samningur um verkefnið. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu við Geysi í þessum tölum. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til staðbundinna innviða í töflum 5-12 síðar í þessari greinargerð og er þar átt við þau verkefni sem þegar eru nákvæmlega skilgreind af umsjónaraðila viðkomandi staða og samþykkt.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem gagnast öllum stöðum. Stefnumarkandi landsáætlun tilgreinir fjölmörg áhersluatriði sem bíða innleiðingar, og hefur slík innleiðing gjarnan farið fram á vettvangi vinnuhópa. Einnig er um að ræða óstaðbundin verkefni sem snúa að bættum gæðum eða aukinni eftirfylgd með uppbyggingarverkefnum með það að markmiði að ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanatáka og forgangsöröðun nýrra verkefna grundvallast á. Er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun. Óstaðbundin verkefni nema 175,3 m.kr. á tímabili áætlunarinnar.

Fyrir hvert ár er jafnframt gert ráð fyrir fjármagni til að takast á við ófyrirséð verkefni innan sama árs, einkum bráðaaðgerðir, verkefni á nýfriðlýstum svæðum ef við á og umbætur á aðstöðu, sjá nánari sundurliðun í kafla 6. Óráðstafað fyrir þessi verkefni nema 142 m.kr. á tímabili áætlunarinnar.

Loks er á fyrsta ári áætlunarinnar gert ráð fyrir að tilteknu fjármagni sé veitt í landvörslu á Reykjanesi í ljósi yfirstandandi jarðhræringa, en það styður við stefnu og markmið landsáætlunar hvað varðar öryggi ferðamanna og vernd náttúru fyrir álagi af völdum ferðamennsku. Þetta verkefni nemur 41 m.kr. á tímabilinu.

Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2024-2026. Inni í liðnum *Staðir á landsáætlun – Efnislegir innviðir* er einnig sérstakt fjármagn til uppbyggingar fjölsótttra staða á grunni staðbundinna áætlana og frumathugana.

Verkefni 2024-2026	Fjármunir 2024	Fjármunir 2025-2026
Staðir á landsáætlun - Efnislegir innviðir/staðbundin verkefni.	766.900.000	1.558.400.000
Óstaðbundin áhersluverkefni	53.500.000	121.800.000
Bráðaaðgerðir, ný friðlýst svæði, o.fl.	37.800.000	110.000.000
Landvarsla á Reykjanesi (staðir til sérstakrar skoðunar)	41.000.000	-
Samtals	899.200.000	1.790.200.000

6. Sérstakt viðbragð við auknu álagi

6.1 Staðir til sérstakrar skoðunar

Gera þarf ráð fyrir viðbót nýrra svæða eða verkefna við áætlunina innan gildistíma hennar, en oft getur þurft að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og auknu álagi á viðkomandi stað. Dæmi um þetta eru yfirstandandi jarðhræringar á Reykjanesi.

Við endurskoðun verkefnaáætlunar er ávallt litið til niðurstaðna ástandsmats áfangastaða varðandi svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu. Einnig er litið til staða sem ekki njóta friðlýsingar eða annarrar umsjónar, en geta verið sérstaklega viðkvæmir fyrir auknu og óviðbúnu álagi. Fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra.

6.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði

Á árunum 2018-2021 stóð yfir áttak í friðlýsingum og hafa nokkur svæði, sem búa við álag af völdum ferðamennsku, hlotið friðlýsingu. Slíkt kallar á að hægt sé að fylgja friðlýsingu úr hlaði með verndaraðgerðum og viðeigandi uppbyggingu.

Upp geta komið ófyrirséð verkefni sem geta tengst aðstæðum í náttúru. Nefna má aurbleytu sem leitt getur til lokana svæða eða bráðaaðgerða í tengslum við þær. Einnig geta ófyrirséð verkefni lotið að viðgerð innviða ef ófremdarástand blasir við, s.s. vegna bilaðra fráveitna eða laskaðra göngubrúa. Þörf á fjármagni til bráðaaðgerða getur verið mjög mismunandi milli ára og tengist gjarnan tíðarfari. Árin 2023 og 2024 skera sig úr og hafa nýlegir innviðir laskast á nokkrum stöðum m.a. vegna snjóáálags og rigninga.

Í verkefnaáætlun 2024-2026 er, eins og áður, gert ráð fyrir sérstöku fjármagni vegna bráðaaðgerða og nýrra friðlýstra svæða, svo hægt sé að bregðast fljótt við með aðgerðum ef þörf er á, sjá töflu 2 á fyrri blaðsíðu. Á seinni hluta árs 2023 var úthlutað til sjö nýrra verkefna sem töldust til bráðaaðgerða. Úthlutunin tilheyrir verkefnaáætlun 2023-2025.

Tafla 3: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2023

Staður	Verkefni (bráðaaðgerð)	Umsjónaraðili	Fjárhæð
Gullfoss	Öryggisgirðing meðfram fossi	Umhverfisstofnun	2.567.046
Gullfoss	Greining vegna berghruns	Umhverfisstofnun	1.144.000
Þinghelgi	Kárastaðastígur - Göngubrú, nýtt yfirborðspallaefni.	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5.883.200
Snorralaus í Reykholti	Snorralaus - bráðaviðgerð	Minjastofnun Íslands	3.540.000
Eldborg í Hnappadal	Verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun	780.000
Hornstrandir/Hornvík	Endurbætur göngustígs, Tröllakambur.	Umhverfisstofnun	13.312.000
Hraunfossar/Barnafossar	Öryggisúttekt á göngubrú	Umhverfisstofnun	2.158.000
Samtals			29.384.246

Í september 2024 var lagði verkefnisstjórn til að úthlutað yrði til 10 nýrra verkefna sem töldust til bráðaaðgerða á friðlýstum svæðum og voru þau samþykkt. Til viðbótar var fjármagni veitt til tveggja undirbúningsverkefna vegna nýrrar friðlýsingar á menningarminjum. Þessi úthlutun tilheyrir nýrri

verkefnaáætlun 2024-2026 og kemur af lið *Bráðaaðgerðir, ný friðlýst svæði, o.fl.* í töflu 2. Svigrúm til að bregðast við bráðavanda og/eða sérstökum aðstæðum á nýjum friðlýstum svæðum til ársloka 2024 lækkaði því sem þessari úthlutun nemur, þar sem hluta upphaflegrar fjárhæðar 55 m.kr. hefur nú verið ráðstafað í samræmi við það sem henni var ætlað. En fjárhæð til efnislegra innviða hækkaði þá til jafns á móti, en það er fjárhæðin efstu línunni 1 í töflu 2.

Tafla 4: Bráðaaðgerðir á friðlýstum svæðum – úthlutun það sem af er ári 2024

Staður	Verkefni (bráðaaðgerð)	Umsjónaraðili	Fjárhæð
Látrabjarg	Brunnar - bráðaaðgerð, viðgerð á rotþró og siturlögn.	Umhverfisstofnun	1.141.920
Dyrhólaey	Dyrhólaey - bráðaaðgerð, lagfæring á gönguleið Háey.	Umhverfisstofnun	1.300.000
Kerlingarfjöl	Kerlingarfjöll - bráðaaðgerð, efnisflutningur að göngupalli.	Umhverfisstofnun	960.960
Gullfoss	Gullfoss - bráðaaðgerð, endurnýja lausa staura	Umhverfisstofnun	5.189.600
Dynjandi	Dynjandi - bráðaaðgerð, lagfæring á staurum og köðlum.	Umhverfisstofnun	975.000
Dynjandi	Dynjandi - bráðaaðgerð, lagfæring á gönguleið.	Umhverfisstofnun	826.800
Dyrfjöll og Stóruð	Stóruð - bráðaaðgerð, verndaraðgerðir á gönguleiðum.	Umhverfisstofnun	1.942.720
Goðafoss	Goðafoss - bráðaaðgerð, lagfæring og stýring v/vetrarálags.	Umhverfisstofnun	549.120
Þinghelgi	Bráðaaðgerð, Kárastaðastígur nýtt yfirborðpallefni – seinni áfangi.	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	2.040.000
Þinghelgi	Bráðaaðgerðir – Viðgerðir á Fossstíg vegna úrrennslis og rigninga	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	2.248.036
Hólmur	Verndaráætlun vegna minja; frumathugun.	Minjastofnun Íslands	6.000.000
Samtals			23.174.156



Mynd 4: Bráðaaðgerðir við gönguleið að Dynjanda. Mynd: Umhverfisstofnun.

7. Ný verkefnaáætlun 2024-2026

Um er að ræða sjöundu verkefnaáætlun landsáætlunar og hefur hún því verið endurskoðuð sex sinnum.

7.1 Ferill endurskoðunar

Endurskoðun fjórðu verkefnaáætlunar hófst með öflun tillagna frá umsjónaraðilum haustið 2023 en verkefnisstjórn hóf sína yfirferð síðar um haustið 2023. Umsjónaraðilar staða sendu inn ítarlegar tillögur og gögn vegna staða og verkefna sem þörf var á að framkvæma þar. Yfirferð gagna stóð yfir af hálfu verkefnisstjórnar frá október 2023 til febrúar 2024. Alls bárust ítarlegar tillögur um 91 nýtt verkefni.

Tillagna var aflað frá þeim stofnunum sem bera umsjónarlega ábyrgð á landi og sinna náttúruvernd og/eða minjavörslu, sem og sveitarfélögum sem eiga aðild að landsáætlun í gegnum sína staði. Þeim var safnað á skipulegan hátt, um sérstaka gátt, s.s. með ítarlegum verkefnislýsingum, magntölum, verk- og kostnaðaráætlunum og öðrum viðeigandi gögnum. Gögnin mynduðu undirlag fyrir vinnu verkefnisstjórnar við forgangsröðun tillagna.

Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga var lögð áhersla á þá staði í umsjón sveitarfélaga sem þegar eru á áætluninni.

Loks má nefna tvennt sem kom til sögunnar í fyrsta sinn samhliða hefðbundinni endurskoðun verkefnisstjórnar:

Verkefnastofa í tengslum við frumvarp um sameiningu stofnana eða hluta þeirra á sviði náttúru- og minjavörndar. Stofnanir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis, sem bera umsjónarlega ábyrgð á landi, eiga aðild verkefnastofu. Hún hefur m.a. það hlutverk að samræma og verkefnisstýra innviðaupbygginu á vegum þessara stofnana. Verkefnastofan fékk tækifæri til að rýna forgangsröðun eigin tillagna þegar verkefnisstjórn hafði lokið sinni yfirferð og gert tillögu að lista yfir verkefni sem hljóta ættu brautargengi árin 2024-2026. Markmiðið með slíku samráði við umsjónaraðila um tillögur þeirra var að styrkja tillögugerðina og auka gæði hennar enn frekar.

Áherslur ráðuneytisins. Veturinn 2023-2024 voru unnin drög að áherslum ráðuneytisins hvað varðar innviðaupbyggingu á friðlýstum svæðum. Í þeim er sjónum beint af afmörkuðum þáttum innviðupbyggingar, s.s. varðandi hagkvæmni í innkaupum, efnisval, og yfirbragð.

7.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi

Ef þörf krefur verður unnið að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.

Áætlunin er endurskoðuð í takt við þætti eins og þróun álags og ástands á stöðum.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að breytingu á umsjón og eignarhaldi.

Öll verkefni á landsáætlun eru sett fram með fyrirvara um að umsjónaraðilar veiti allar umbeðnar upplýsingar sem varða gerð og eftirfylgd tilmælubrifa til stofnana eða samninga um framkvæmd einstakra verkefna, en vanhöld á því geta leitt til frestunar eða niðurfellingar.

8. Tillögur að aðgerðum árin 2024-2026

Í töflum 5-12 hér að aftan er nánara yfirlit yfir þá ferðamannastaði sem aðild eiga að landsáætlun og stutt lýsing á þeim aðgerðum sem ráðast á í á tímabili þessarar framkvæmdaáætlunar (2024-2026).

Áætlunin er unnin á grunni forgangsröðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar. Fjármögnun þeirra verkefna sem hefjast eiga árið 2024 grundvallast á fjárlögum ársins 2024. Fjármögnun þeirra verkefna sem hefjast eiga árin 2025 og 2026 samkvæmt áætluninni grundvallast á gildandi fjármálaáætlun.

8.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir

Forgangsröðun staða og verkefna var unnin á grunni stefnumarkandi landsáætlunar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018.

Á áætlun árána 2024-2026 eru 102 verkefni á skilgreindum stöðum, svæðum og leiðum. Þar af eru 62 ný verkefni en 40 þegar samþykkt frá fyrri áætlun. Fjórir nýir staðir bætast við.

Í heildina hefur landsáætlun fjármagnað, eða áætlað að fjármagna, yfir 600 verkefni víðs vegar um landið. Af því leiðir að víða er aðgerðum ýmist lokið í bili eða er að ljúka. Viðkomandi staðir eru samt áfram viðföng landsáætlunar að svo stöddu og ekki er lítið svo á að þeir séu farnir af landsáætlun þó svo að engin verkefni séu á áætlun 2024-2026 eða lokaáfangar verkefna þegar fjármagnaðir.

Í þessari áætlun eru nokkur verkefni sem lúta að ferðamannasvæðum en ekki einstaka stöðum. Um getur verið að ræða verkefni um bættar merkingar innan tiltekins stjórnunarsvæðis, endurbætur og tengingar náttúrustíga innan svæðis, styrking umgjardar um minjaheildir undir álagi af völdum ferðamennsku, o.fl. Áfram verður unnið með svæðanálgun fyrir tiltekna samræmdar aðgerðir á stórum svæðum þegar við á.

Sérstöku tilraunaverkefni um Laugavegin lauk veturinn 2023-2024 og má lesa niðurstöður þess í [skýrslu vinnuhóps um gönguleiðir](#). Ferðamannaleiðir eru þó áfram mikilvægt viðfangsefni landsáætlunar.

Uppbygging á stöðum á landsáætlun eru afar misjöfn að umfangi milli staða. Af því leiðir að eðlismunur getur verið á tillögu- og áætlanagerð eftir umfangi. Fjölsóttir ferðamannastaðir eru flestir á Suðurlandi, bæði á hálendi og láglandi, og kallar umfangsmikil uppbygging staða af þeirri stærðargráðu á sérstaka nálgun, s.s. staðbundna framkvæmdaáætlun. Gera þarf ráð fyrir rými til að þróa slíkar áætlanir út frá niðurstöðum frumathugana þar sem valkostir eru greindir og metnir.

Tafla 5: Vesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024	2025-2026
Búðir - friðland	Umhverfisstofnun	Deiliskipulag	2.500.000	-
Djúpalónssandur	Umhverfisstofnun	Frágangur við eldra bílastæði	19.448.000	-
Eldborg í Hnappadal	Umhverfisstofnun	Úttekt og hönnun á gönguleið; aðkomuskilti.	2.808.000	1.926.800
Fitjaá í Skorradal	Umhverfisstofnun	Merkingar	700.000	-
Gufuskálavör - Gufuskálar	Umhverfisstofnun	Fræðsluskilti með þema: "Vorur Írar hér"	1.879.343	-
Hraunfossar	Umhverfisstofnun	Undirbúningur að útsýnispalli	5.000.000	-
Malarrið	Umhverfisstofnun	Viðburða- og áningarpallur við gestastofu	-	6.507.500
Saxhóll	Umhverfisstofnun	Lokafrágangur á áningarstað og útsýnispalli	46.321.600	17.108.000
Skarðsvík	Umhverfisstofnun	Fræðsluskilti með þema: „Sandur er gulli betri“	-	1.688.000
Snæfellsjökuls-þjóðgarður	Umhverfisstofnun	Frumgreining á uppbyggðum hjóla- og göngustíg í þjóðgarðinum Snæfellsjökli	-	2.005.000

Tafla 6: Vestfirðir – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024	2025-2026
Drangar	Umhverfisstofnun	Nýr kamar í Bjarnarfirði	780.000	-
Friðlandið Hornstrandir	Umhverfisstofnun	Endurnýjun kamra; lagfæring á bröttum gönguleiðum þ.m.t. kafla við Hafnarskarð.	3.120.000	14.196.000
Friðlandið Hornstrandir / Hesteyri	Umhverfisstofnun	Tvö fræðslu- og öryggisskilti á Stekkseyri og í Höfn í samráði við Minjastofnun	700.000	-
Friðlandið Hornstrandir / Hornvík	Umhverfisstofnun	Endurbætur á gönguleið, Svaðagjá.	13.208.000	-
Friðlandið Hornstrandir / Straumnesfjall	Umhverfisstofnun	Fræðslu- og öryggisskilti við Straumnesfjall	405.000	-
Látrabjarg	Umhverfisstofnun	Lokafrágangur framkvæmda við bílastæði	50.523.200	-
Vatnsfjörður	Minjastofnun Íslands	Deiliskipulag	4.429.995	6.362.610
Vatnsfjörður	Umhverfisstofnun	Viðhald gönguleiða og merkingar	1.740.000	7.384.000

Tafla 7: Norðvesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024	2025-2026
Hveravellir	Umhverfisstofnun	Áframhaldandi uppbygging göngupalla	-	30.420.000
Skagafjörður	Minjastofnun Íslands	Aðgerðir til verndar friðlýstum minjum í Skagafirði	2.500.000	-

Tafla 8: Norðausturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024	2025-2026
Ásbyrgi	Vatnajökuls- þjóðgarður	Hönnun fráveitumannvirkis; merkingar og aðstaða fyrir hjól	18.000.000	-
Dettifoss vestan	Vatnajökuls- þjóðgarður	Göngupallar 6. áfangi, framkvæmd.	57.942.857	-
Dimmuborgir	Umhverfisstofnun	Lagfæring á gönguleiðum	520.000	5.200.000
Friðland Svarfdæla	Umhverfisstofnun	Lagfæring á gönguleiðum; merkingar.	2.267.200	-
Goðafoss	Umhverfisstofnun	Framkvæmd vegna færslu reiðleiðar	18.096.000	-
Hljóðaklettur/Rauðhólar	Vatnajökuls- þjóðgarður	Þurrsalerni við Hljóðakletta ásamt áningaraðstöðu	-	50.000.000

Tafla 9: Austurland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024	2025-2026
Galtastaðir fram	Þjóðminjasafn Íslands	Lokaáfangi móttökuhúss á Galtastöðum fram	-	20.904.875
Gerpissvæðið	Umhverfisstofnun	Lagfæring gönguleiða; forhönnun innviða.	3.520.000	-
Hallormsstaðaskógur	Skógræktin	Eldaskáli í Hallormsstaðarskógi - 1. áfangi	-	22.600.000
Hólmanes	Umhverfisstofnun	Viðhald göngustíga	2.500.000	-
Hvannalindir	Vatnajökuls- þjóðgarður	Deiliskipulag	5.000.000	-
Stóruurð	Umhverfisstofnun	Lagfærning gönguleiða	1.144.000	-
Teigarhorn	Þjóðminjasafn Íslands	Aðstaða fyrir ferðamenn að Teigarhorni við Berufjörð, 4. áfangi.	-	27.500.000

Tafla 10: Suðurland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024	2025-2026
Dyrhólaey	Umhverfisstofnun	Hönnun á stækkun bílastæðis á Lágey; aðkomuskilti; viðhald gönguleiða; fuglasjónauki.	7.894.000	-
Friðland að Fjallabaki	Umhverfisstofnun	Vegvísar á gönguleiðum; upplýsingaskilti og veðurviðvörðun; bílastæði við Halldórsgil.	27.791.000	-
Friðland að Fjallabaki / Laugahringur	Umhverfisstofnun	Laugahringur, framhaldsáfangi í lagningu göngustígs.	51.480.000	-
Geysir í Haukadal	Umhverfisstofnun	Uppbygging innan girðingar, framhald af fyrri áföngum og áfangi F; viðhald gönguleiða að Laugarfelli.	162.416.000	196.280.000
Gullfoss	Umhverfisstofnun	Lokafrágangur stígur B1 og útsýnisfallur B2; hrunvarnir á neðra svæði; valkostagreining fyrir stíg niður að fossi.	59.540.000	-
Heinabergslón	Vatnajökuls-þjóðgarður	Endurbætur á umhverfi bílastæðis og tenging milli innviða	5.000.000	-
Jökulsárlón	Vatnajökuls-þjóðgarður	Merkingar; gönguleiðir austan brúar.	20.000.000	-
Kerlingarfjöll	Umhverfisstofnun	Hönnun á bílastæði; viðhald gönguleiða.	7.384.000	-
Sandfell í Öræfum	Vatnajökuls-þjóðgarður	Þurrsalerni við Sandfell (uppgöngustað að Hvannadalshnjúk), hönnun	-	6.500.000
Skaftafell	Vatnajökuls-þjóðgarður	Hönnun bílastæðis; aðkomu- og fræðsluskilti; gestagata við Skaftafellsjökul og breyting á gönguleið.	30.000.000	-
Skaftafell / Magnúsarfoss	Vatnajökuls-þjóðgarður	Hönnun, gönguleið og útsýnisfallur.	5.000.000	-
Skógafoss / láglendi	Umhverfisstofnun	Aðkomu- og upplýsingaskilti	-	2.496.000
Skógafoss / láglendi	Umhverfisstofnun	Nýjar tröppur, hönnun.	6.300.000	-
Skógafoss / láglendi	Umhverfisstofnun	Nýjar tröppur, framkvæmd.	-	61.500.000

Skógaheiði	Umhverfisstofnun	Frágangur á stíg	3.744.000	6.510.000
Stöng	Umhverfisstofnun	Salerni	-	54.548.000
Þinghelgi	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Gerð gönguleiðar skv. dsk. og á grunni frumathugunar	-	75.000.000
Þingskálar	Minjastofnun Íslands	Frumathugun	5.000.000	-
Þingvallahraun	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Uppbygging og viðhald stígakerfis, deiliskipulag fyrir strandlengju.	10.148.000	-
Þjórsárdalur	Umhverfisstofnun	Merkingar og viðhald göngleiðar	9.250.000	-
Þjórsárdalur / Gjáin	Umhverfisstofnun	Hönnun bílastæðis	4.524.000	-
Þjórsárdalur / Háifoss	Umhverfisstofnun	Hönnun útsýnispalla	10.504.000	-
Þjórsárver	Umhverfisstofnun	Merkingar	5.500.000	-

Tafla 11: Suðvesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024
Friðlýst svæði á SV-landi	Umhverfisstofnun	Leirvogur, Blikastaðakró - upplýsinga- og fræðsluskilti; þrjú fræðslu- og upplýsingaskilti vegna Lundeyjar/Akureyjar og Varmárósa; gestastýring og merkingar við Bakkatjörn og Gróttu.	4.200.000
Vífilsstaðavatn	Umhverfisstofnun	Endurnýjun á göngubrú	8.538.400

Tafla 12: Landið allt – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2024-2026

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2024
Friðlýstar menningarminjar, landið allt	Minjastofnun Íslands	Sjö skilti við menningarminjar á sex stöðum	4.200.000

